

Hafvík ehf.  
Kt.: 430702-2030  
Heimilisfang: [...]

Akureyri, 28.04.2026  
Tilv. 2026-02-09-0348

## **Efni: Svipting veiðileyfis. Brottkast. Vigtarbrot. Hafbjörg ST-77 (2437).**

Fiskistofa hefur lokið meðferð máls er varðaði meint brot áhafnar, og eftir atvikum útgerðar, fiskiskipsins Hafbjörg ST-77, skipaskrárnúmer 2437, gegn 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, dagana 4. og 5. febrúar 2026. Þann 5. febrúar 2026 var skipstjóri skipsins einnig grunaður um brot gegn 1. mgr. 9. gr. sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga. Lögskráður skipstjóri var A, kt. [...]. Hafbjörg ST-77 (2437) er netabátur með leyfi til veiða í atvinnuskyni. Málsaðili er útgerð skipsins, Hafvík ehf., kt. 430702-2030.

### **I. Málsvik**

Í skýrslu veiðieftirlitsmanna Fiskistofu, dags. 9. febrúar 2026, segir að dagana 4. og 5. febrúar 2026 hafi eftirlitsmenn Fiskistofu verið við eftirlit með veiðum fiskiskipa norður af Drangnesi. Við eftirlit þann 4. febrúar hafi eftirlitsmenn orðið þess varir að netabáturinn Hafbjörg ST-77 (2437) var við veiðar á svæðinu. Hafi eftirlitsmenn sent ómannað, fjarstýrt loftfar (dróna) búíð myndupptökubúnaði, til að fylgjast með veiðum skipsins. Loftfarinu hafi verið flogið um 3 km að skipinu þar sem það hafi verið við veiðar. Við aðflug drónans að skipinu hafi eftirlitsmenn orðið þess varir að skipverjar, sem voru tveir um borð, hafi varpað fiski fyrir borð, er þeir voru að draga inn veiðarfæri. Þá hafi eftirlitsmenn virkjað upptökubúnað og tekið var upp eitt myndband. Á myndbandsupptöku sést þegar skipverjar vörpuðu afla, sem komið hafði í veiðarfæri skipsins, útbyrðis og aftur í sjó, samtals sextán (16) fiskar; sjö (7) þorskar, sjö (7) skarkolar og tvær (2) ýsur. Daginn eftir hafi eftirlitsmenn verið við eftirlit á svipuðum slóðum og á ný komið auga á skipið. Hafi sömu tveir skipverjar verið um borð, og voru þeir að draga inn veiðarfæri og greiða afla úr þeim á netaborði. Vegna fyrri atvika degi fyrr hafi eftirlitsmenn ákveðið að viðhafa eftirlit á ný með skipinu og var upptökubúnaður drónans virkjaður. Á myndbandsupptökum, sem teknar voru þann 5. febrúar 2026, sést þegar skipverjar vörpuðu afla, sem komið hafði í veiðarfæri skipsins, útbyrðis og aftur í sjó, samtals fimmtíu og tveir (52) fiskar; tuttugu og tveir (22) þorskar, nítján (19) skarkolar, níu (9) grásleppur og tvær (2) ýsur. Einnig sést að skipverjar greiddu a.m.k. einn steinbít úr netum á netaborði. Ekki sést til skipverja varpa honum útbyrðis. Samkvæmt vigtarnótu frá hafnarvog kemur hins vegar fram að skipið landaði einungis þorski á lokinni veiðiferð, en engum steinbít.

Af þeim sökum er áhöfn fiskiskipsins Hafbjörg ST-77 (2437) grunuð um að hafa brotið gegn ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996, með því að hafa ekki hirt og landað framangreindum afla, samtals sextíu og átta (68) fiskar, sem komu í veiðarfæri fiskiskipsins, í veiðiferðum dagana 4. og 5. febrúar 2026. Þá er skipstjóri jafnframt grunaður um að hafa brotið gegn 1. mgr. 9. gr. sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga þann 5. febrúar 2026, með því að hafa ekki séð til þess að allur afli skipsins hafi verið veginn á hafnarvog af löggiltum vigtarmanni, og því hafi skipstjóri ekki tryggt að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann bárust til vigtarmanns.

## II. Lagagrundvöllur

Í 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, segir að skylt sé að hirða og koma með að landi allan afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Ráðherra hefur þó heimild til að heimila með reglugerð að fiski af verðlausum tegundum sé ekki landað heldur varpað í sjóinn, sbr. reglugerð um nýtingu afla og aukaafurða nr. 468/2013. Slík reglugerðarákvæði skulu túlkuð þröngt. Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 segir að allur afli skuli veginn á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun aflans og skal við vigtunina nota löggilta vog. Vigtun skal framkvæmd af starfsmanni hafnar sem hlotið hefur til þess löggildinga. Í 1. mgr. 9. gr. sömu laga segir að skipstjóra sé skylt að halda afla um borð í skipi sínu aðgreindum eftir tegundum og honum skylt að láta vigta hverja tegund sérstaklega. Jafnframt ber skipstjóra að tryggja að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann berist til vigtarmanns. Brot gegn framangreindum ákvæðum laga nr. 57/1996 geta varðað stjórnsluviðurlögum, þ.e. sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 eða skriflegum áminningum skv. 3. mgr. 15. gr. sömu laga. Þá getur brot gegn lögum nr. 57/1996 jafnframt varðað refsingum, sektum eða fangelsi allt að sex árum, skv. 23. gr. sbr. 24. gr. sömu laga. Brot gegn 2. mgr. 2. gr. telst fullframið hvort sem það er með refsinaemri athöfn eða athafnaleysi og hvort sem það er framið af ásetningi eða gáleysi. Þá er í 24. gr. laganna lögfest hlutlæg refsiaþbyrgð lögaðila gegn ákvæðum laganna, að nánari skilyrðum uppfylltum.

## III. Athugasemdir málsaðila

Með bréfi Fiskistofu, dags. 20. febrúar 2026, var málsaðili upplýstur um að málið hafi verið tekið til meðferðar og að til rannsóknar væri hvort áhöfn fiskiskipsins Hafbjörg ST-77 (2437), eftir atvikum útgerð skipsins, hafi gerst brotleg, gegn lögum nr. 57/1996, dagana 4. og 5. febrúar 2026. Þar var málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila málsins gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri í samræmi við 13. og 14. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framin og eftir atvikum ákvörðun um viðurlög. Málsaðili óskaði eftir að fá afhent myndbandsgögn málsins. Þau voru afhent rafrænt og einnig á starfsstöð Fiskistofu í kjölfarið. Fiskistofu bærust athugasemdir málsaðila í tölvupósti samhliða seinni ósk hans um afhendingu myndbandsgagna þann 9. mars 2026. Málsaðili andmælti ekki málsatvikum eins og þeim er lýst að framanverðu og sagði að „steinbíturinn hafi verið étinn“. Hvað varðaði meint brottkast sagði málsaðili að níu grásleppur, allur koli og 29 þorskar, hafi lifað af og synt niður. Málsaðili velti þeirri spurningu upp hver skaðinn væri, og fullyrti að þetta kallist að halda lífríkinu lifandi.

## IV. Niðurstaða og rökstuðningur

Áhöfn fiskiskipsins Hafbjörg ST-77 (2437) varð uppvís að brottkasti við eftirlit Fiskistofu í tveimur aðskildum veiðiferðum skipsins dagana 4. og 5. febrúar 2026. Á myndbandsgögnum málsins sést þegar skipverjar köstuðu eða vörpuðu samtals sextíu og átta (68) fiskum fyrir borð, þ.e. 29 þorskum, 26 skarkolum, níu grásleppum og fjórum ýsum, er komu í veiðarfæri skipsins, með þeim afleiðingum að þeir féllu aftur í sjóinn, í andstöðu við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Sé afli komin í veiðarfæri fiskiskips þá er brotið fullframið ef þeim afla er aftur varpað/kastað í sjó, eða afli lendir með öðrum hætti aftur í sjó, af völdum saknæmrar háttsemi hlutaðeigandi áhafnar fiskiskips. Þær myndbandsupptökur sem liggja fyrir í málinu sýna áhöfn skipsins varpa aftur í sjó þeim tilgreinda afla sem kom í veiðarfæri skipsins.

Þorskur, skarkoli, grásleppa og ýsa eru tegundir nytjafiska sem lúta takmörkun á leyfilegum heildarafla í skilningi 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 468/2013 sbr. 2. mgr. 8. gr. sbr. 3. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 og 2. gr. reglugerðar um leyfilegan heildarafla og veiðar í atvinnuskyni fiskveiðárið 2025/2026 og almanaksárið 2026 nr. 860/2025 og því eiga undantekningarreglur í 2. gr. reglugerðar nr. 468/2013 ekki við. Um tegundirnar gildir því skýr

skylda skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 til að hirða þær og landa, og er enn fremur lagt afdráttarlaust bann við því að varpa þeim fyrir borð, eftir að þær hafa komið í veiðarfæri fiskiskips. Ástand og stærð afla leysir áhöfn ekki undan skyldu sinni til að hirða og landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri í samræmi við ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996.

Málatilbúnaður Fiskistofu byggir á vitnisburði og skýrslu veiðieftirlitsmanna sem urðu vitni að brotum áhafnar skipsins í beinu streymi, en einnig var brotið að hluta til tekið upp. Við skoðun á þeim myndbandsupptökum, er liggja fyrir í máli þessu, er að mati Fiskistofu ljóst að sá afli sem varpað var fyrir borð, hafi gert svo fyrir tilverkan áhafnar skipsins. Af þeim sökum gerðist áhöfn skipsins brotleg gegn ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 með því að hafa vísvitandi kastað fyrir borð samtals sextíu og átta (68) fiskum, er komu í veiðarfæri skipsins, í flestum tilvikum með því að kasta þeim útbyrðis eftir að hafa greitt þá úr veiðarfærum eða tínt þá úr kari eftir flokkun um borð en einnig með því að hafa ýtt þeim útbyrðis um lensport skipsins, allt með þeim afleiðingum að þeir höfnuðu aftur í sjónum.

Samkvæmt vigtarnótu frá hafnarvog dags. 5. febrúar 2026, má sjá að afli skipsins var einvörðungu þorskur, a.m.k. var það verið eina tegund nytjastofna sem veginn var á hafnarvog og skráð til aflamarks er skipið landaði afla veiðiferðarinnar í Hólmavík. Eins og að framan er rakið sést til skipverja á myndbandsgögnum greiða steinbít úr veiðarfærum í veiðiferð skipsins umræddan dag. Ekki sést til þeirra varpa fisknum í kjölfarið útbyrðis. Með hliðsjón af framangreindu má ætla að steinbítum hafi verið landað án þess að hafa verið veginn og skráður lögum samkvæmt, en málsaðili sagði að „steinbíturinn hafi verið étinn“. Með því braut skipstjóri gegn skyldum sínum í skilningi 3. og 5. másl. 1. mgr. 9. gr. sbr. 1. mgr. 6. laga nr. 57/1996, enda hvíli endanleg ábyrgð á skipstjóra, að tryggja að allur afli sé færður til vigtunar og að hver tegund sé vigtuð sérstaklega í samræmi við ákvæði laga nr. 57/1996 og samhliða tryggja að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann berist til vigtarmanns.

Málsatvik eru að mati Fiskistofu ljós og enginn vafi um hina meint brot áhafnar og skipstjóra Hafbjargar ST-77 (2437). Ekkert hefur komið fram í málinu sem dregur skýrslu veiðieftirlitsmanna eða önnur gögn málsins í efa, né hefur málsaðili véfengt málsatvik eins og þeim hefur verið lýst að framanverðu að öðru leyti en að telja hluta aflans sem varpað var frá borði hafa lifað af. Fiskistofa áréttar að það skiptir ekki máli hvort fiskur, af þeim tegundum sem á reynir í máli þessu, lifi af brottkast, þar sem skylt er að hirða og landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Markmið málsmeðferðar stofnunarinnar er að leiða hið sanna og rétta í ljós með hliðsjón af þeim sönnunarkröfum sem gilda í stjórnarsýslumálum en um þau gilda almennar sönnunarreglur. Myndböndin sýna með skýrum hætti að skipverjar vörpuðu tilgreindum afla fyrir borð af fiskiskipinu Hafbjörg ST-77 (2437) dagana 4. og 5. febrúar 2026. Um er að ræða hlutlæg sönnunargögn sem að mati Fiskistofu hafa mikið vægi til stuðnings skýrslu veiðieftirlitsmanna Fiskistofu við úrlausn málsins. Sönnunargildi og áreiðanleiki þeirra vegur þungt í því heildarmati sem Fiskistofa leggur á málið við ákvörðun um hvort brot hafi verið framin og hver séu viðeigandi viðurlög. Að mati Fiskistofu telst mál þetta vera nægilega upplýst og atvik og staðreyndir málsins, sem þýðingu hafa að lögum, vera sönnuð, með vísan til rannsóknarreglu 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með vísan til málsatvika og eðli brota, vitnisburðar veiðieftirlitsmanna, gagna málsins, og þess sem að framan greinir er það niðurstaða Fiskistofu, að áhöfn fiskiskipsins Hafbjörg ST-77 (2437), hafi brotið gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 með því að hafa ekki hirt og landað þeim tilgreinda afla sem að framan er getið, og komið hafði í veiðarfæri skipsins dagana 4. og 5. febrúar 2026. Á sömu forsendum, er það niðurstaða Fiskistofu að skipstjóri Hafbjargar ST-77 (2437) hafi brotið gegn 3. og 5. másl. 1. mgr. 9. gr. sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga 5. febrúar 2026, með því að hafa ekki tryggt að allur afli skipsins hafi verið veginn á

hafnarvog af löggiltum vigtarmanni (einn steinbítur), og því hafi skipstjóri ekki tryggt að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann bárust vigtarmanni.

**Háttsemi áhafnar fiskiskipsins Hafbjörg ST-77 (2437), braut gegn 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, með því að varpa afla (68 fiskar) fyrir borð, sem kom í veiðarfæri skipsins dagana 4. og 5. febrúar 2026. Háttsemi skipstjóra, að lokinni veiðiferð skipsins þann 5. febrúar 2026, braut jafnframt gegn 3. og 5. málsl. 1. mgr. 9. gr. sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, með því að tryggja ekki að allur afli var veginn af löggiltum vigtarmanni á hafnarvog að lokinni veiðiferð.**

Fyrir brot á lögum nr. 57/1996 skal Fiskistofa veita áminningar eða svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni. Í 1. mgr. 15. gr. laganna segir Fiskistofa skal svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim. Í 3. mgr. 15. gr. segir að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. sama ákvæðis skuli Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu vegna fyrsta minniháttar brots. Við mat á því hvort um minniháttar brot sé að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, fjölda brota, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Jafnframt er litið til hvernig verknaðinum sjálfum var háttað og aðstæðna að öðru leyti og hvort þær hafi aukið mjög á saknæmi brotsins.

Líta verði til markmiða laga nr. 57/1996 við mat á þeim hagsmunum sem brotin ógna. Lögunum er ætlað að tryggja tvö meginatriði. Í fyrsta lagi að öllum afla sem kemur í veiðarfæri skips sé landað í viðurkenndri höfn og í öðru lagi að allur afli sé veginn og skráður. Tilgreind ákvæði laga nr. 57/1996 er ætlað að tryggja framangreint og þar með stuðla að góðri umgengni við nytjastofna sjávar við framkvæmd fiskveiða. Ákvæði laga nr. 57/1996 og ákvæði reglugerðar nr. 745/2016 um vigtun og skráningu sjávaraflla, eru skýr og fortakslaus hvað varðar skyldu og ábyrgð skipstjóra, á því að afli skips sé veginn samkvæmt ákvæðunum. Lögskýringagögn og dómafordæmi gefa til kynna að löggjafinn álíti brot gegn ákvæðum þessum alvarlegum augum enda sé með skýrum hætti kveðið á um skyldur og ábyrgð þeirra aðila í lögunum, sem að vigtun sjávaraflla koma.

Í þessu máli er litið til þess að brotin voru til þess fallin að hafa í för með sér ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerðaraðila og/eða tengda aðila, þegar verðmeiri eða söluvænlegri afli (sóknartegund, þ.e. þorskur) var tekinn að landi og aflaheimildum, eftir atvikum, ekki ráðstafað í þann afla sem kastað var. Af þeim sökum telur Fiskistofa liggja ljóst fyrir að brotin höfðu fjárhagslegan ávinning í för með sér fyrir málsaðila. Ávinningur málsaðila var þó ekki umfangsmikill með hliðsjón af magni þess afla sem kastað var útbyrðis. Brotin ógnuðu hagsmunum sem tengjast aflaskráningu. Ríkir almannahagsmunir eru fólgnir í því að nákvæmar upplýsingar liggi fyrir um hvað tekið sé úr auðlindum sjávar við landið, svo vísindamenn geti áætlað stofnstærð og tryggt hámarksafrakstur nytjastofna við landið. Rangar eða ónákvæmar upplýsingar um afla leiða óhjákvæmilega til ónákvæmni í útreikningi varðandi ástand fiskistofna, og þar með eykst hættan á að of nærri þeim verði gengið. Með brotum áhafnar og skipstjóra Hafbjargar ST-77 (2437) var framangreindum hagsmunum ógnað.

Við mat á alvarleika brota lítur Fiskistofa til fjölda fiska sem varpað var fyrir borð á meðan eftirliti stóð í tveimur aðskildum veiðiferðum skipsins 4. og 5. febrúar 2026, þ.e. 68 fiskar á einni klukkustund og 23 mínútum. Jafnframt lítur Fiskistofa til ámælisverðrar framgöngu skipverja, verknaðaraðferðar, þeirra hagsmuna sem verknaðurinn beindist að og magn þess afla,



sem skipverjar vörpuðu útbyrðis í umsjá sinni í trássi við settar háttennisreglur í lögum og þá athafnaskyldu sem á þeim hvíldi. Á þeim myndbandsupptökum er liggja fyrir í málinu sést til tveggja skipverja að störfum um borð í hvort sinn. Þar má sjá er þeir greiða afla úr veiðarfærum á netaborði og flokka hann. Þá sést þegar þeir flokka sóknartegund sérstaklega frá (þorsk), sem er eina tegundin sem skipið landaði samkvæmt vigtarnótum í hvort sinn. Öðrum tegundum en þorski, var ýmist umsvifalaust varpað frá borði, eða þeim komið fyrir í söfnunarkör um borð, og þeim varpað frá borði í kjölfarið. Einnig sést í nokkrum tilvikum þegar skipverjar ýta með fæti afla, útbyrðis um lensport, sem lá á dekki skipsins. Af málsatvikum og gögnum málsins má ráða, að skipverjar flokkuðu afla, sem kom í veiðarfæri, eftir tegundum, stærð og verðgildi, og látið hjá líða að hirða verðminni þorsk, sem þeir hentu útbyrðis, en hirt vænni og verðmeiri þorsk (sóknarafla). Jafnframt má telja ljóst, með hliðsjón af þeirri staðreynd að skipið landaði einungis þorski að loknum báðum veiðiferðum, að afla af öðrum tegundum en sóknartegund, hafi verið varpað útbyrðis kerfisbundið og af ráðnum hug í skeytingarleysi við lög.

Við mat á því hvort að um gáleysisbrot eða ásetningsbrot hafi verið að ræða, er litið til framgöngu áhafnar fiskiskipsins Hafbjörg ST-77 (2437), í umræddum veiðiferðum og ábyrgðar málsaðila sem útgerðaraðila. Málsaðili stundar fiskveiðar í atvinnuskyni og í hans þágu starfa menn sem hafa sjómennsku að atvinnu. Gera verður þá kröfu til áhafnar að háttsemi hennar og framgangsmáti endurspeglgi gegnan og skynsaman atvinnusjómann, með hliðsjón af þeim háttennisreglum sem gilda um fiskveiðar hverju sinni. Þá ber málsaðili ábyrgð á því að veiðar fiskiskipa í hans útgerð séu í samræmi við gildandi lög og reglur um framkvæmd fiskveiða á hverjum tíma og þá sérstaklega að framkvæmd veiða brjóti ekki í bága við ákvæði laga nr. 57/1996. Það er á ábyrgð útgerðaraðila, að viðhaft sé verklag við veiðar sem sé í samræmi við lög, um borð í þeim fiskiskipum sem hann gerir út til að tryggja forsvaranlega og rétta framkvæmd fiskveiða. Við mat á saknæmi lítur Fiskistofa einnig til fyrri ákvarðana vegna brota áhafnar Hafbjargar ST-77 (2437) á lögum nr. 57/1996; annars vegar frá 20. október 2022, þar sem málsaðila var veitt skrifleg áminning skv. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 vegna brottkasts á fimm (5) þorskum (tilv. 2022-04-27-1528), og hins vegar dags. 1. desember 2022 þar sem Hafbjörg ST-77 (2437) var svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni í tvær vikur skv. 1. mgr. 15. gr. sömu laga vegna brottkasts á sextán (16) fiskum (tilv. 2022-09-15-2176). Í báðum málum var sami skipstjóri lögskráður um borð og lögskráður var í þeim veiðiferðum er mál þetta lýtur að. Framangreindar ákvarðanir Fiskistofu hafa ekki ítrekunaráhrif skv. 19. gr. laga nr. 57/1996, en hafa áhrif á saknæmismat í því máli sem nú er til meðferðar.

Að mati Fiskistofu voru brot áhafnar í máli þessu alvarleg, og gefa þau sem og fyrri brot, sterklega til kynna að brottkast með framangreindum hætti sé viðhaft um borð í skipi málsaðila í andstöðu við háttennisreglur laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og grundvallar markmiði þeirra um sjálfbæra nýtingu fiskistofna og góða umgengni um auðlindir sjávar. Allur framgangsmáti skipverja í þeim veiðiferðum sem á reynir í máli þessu, sem og fyrri mál sem nefnd eru, rennir að mati Fiskistofu stoðum undir að brot áhafnar skipsins 4. og 5. febrúar 2026 voru framin af beinum ásetningi í andstöðu við háttennisreglur laga.

Í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir að við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Það er niðurstaða Fiskistofu að um óviðunandi brot sé að ræða, framin á skömmum tíma og til hagsbóta fyrir málsaðila, og voru brotin alvarleg með hliðsjón af magni afla sem kastað var frá borði í tveimur aðskildum veiðiferðum. Þá er brot skipstjóra þann 5. febrúar, á 1. mgr. 9. sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 (einn steinbítur ekki veginn á hafnarvog), til þess fallið að auka á alvarleika brota áhafnar skipsins í heild sinni, þó svo það teljist eitt og sér ekki vera meiriháttar. Að öllu framangreindu eru brot áhafnar skipsins talin meiriháttar í skilningi laga

nr. 57/1996 og af þeim sökum kemur hvorki áminning né lágmarkssvipting til greina. Við ákvörðun Fiskistofu um viðurlög lítur stofnunin til stjórnsluframkvæmdar í sambærilegum málum, s.s. ákvörðun Fiskistofu frá 26. janúar 2023, í máli 2022-09-09-2151, þar sem skip málsaðila var svipt veiðileyfi í þrjár vikur vegna brottkasts á 76 fiskum. Þá eru engin fyrri brot sem hafa ítrekunaráhrif í máli þessu. Að því virtu, með hliðsjón af umfangi og eðli brota og á grundvelli alls þess sem að framan hefur verið rakið, telur Fiskistofa, með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsluréttar, að framangreind brot varði sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni í þrjár vikur, skv. 1. sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996. Með hliðsjón af útgerðarmynstri skipsins og þeirrar staðreyndar að skipið hefur fengið útgefið strandveiðileyfi fyrir árið 2026, sem og sjónarmiðum um markmið refsinga (viðurlaga) og almennra- og sértækra varnaðaráhrifa þeirra, telur Fiskistofa rétt að réttaráhrif ákvörðunar um viðurlög taki gildi í upphafi næsta fiskveiðiárs.

**Fiskistofa sviptir hér með fiskiskipið, Hafbjörg ST-77, skipaskrárnúmer 2437, leyfi til veiða í atvinnuskyni í þrjár vikur (21 dag) frá og með 1. september 2026 og til og með 21. september 2026, skv. 1. sbr. 2. gr. 15. gr. laga nr. 57/1996, vegna meiriháttar brota gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 og einnig vegna brots skipstjóra gegn 3. og 5. málsl. 1. mgr. 9. gr. sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunar skv. 19. gr. laga nr. 57/1996.**



#### *Kæruheimild*

Ákvörðun þessa má kæra til atvinnuvegaráðuneytisins, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því hún barst til málsaðila sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á netfangið [atr@atr.is](mailto:atr@atr.is). Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á vefsíðu Fiskistofu á grundvelli 9. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992.